

**50. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
5. desember 2016 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakei Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1405059 - Deilisk. Dalbraut-Þjóðbraut - Dalbraut 6**

Árni Ólafsson fer yfir deiliskipulagsdrög.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni fyrir góða kynningu og falið að vinna skipulagslýsingu fyrir svæðið.*

**2. 1601118 - Aðalaðveituæð hitaveitu með Akrafjallsvegi 51, framtíðar staðsetning**

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.*

**3. 1604092 - Breiðin útivistarsvæði 2016**

Opnun verðboða í þjónustubyggingu á Breiðinni fór fram 28. nóvember 2016.

*Rakei Óskarsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.*

*Eftirfarandi verðboð bárust:*

*Rudolf B Jósefsson slf.: kr. 8.731.000*

*Trésmiðjan Akur ehf.: kr. 6.315.527*

*Kostnaðaráætlun: kr. 3.968.050*

*Skipulags- og umhverfisráð hafnar ofangreindum verðboðum með tilliti til mismunar á verðboðum og kostnaðaráætlun. Sviðstjóra falið að vinna málið áfram.*

**4. 1611077 - Framtíðauppbygging íþróttamannvirkja á Akranesi**

*Undir þessum dagskrárlíð voru fulltrúar aðildarféлага ÍA, skóla- og frístundaráðs og bæjarstjórnar.*

*Sviðsstjóri fór yfir hugmyndir um framtíðaruppbyggingu á Íþróttamannvirkjum á Akranesi á árunum 2017-2020.*

EB

*Skipulags- og umhverfissráð vill þakka góðar umræður undir þessum dagskrárlíð.*

*Byggingarfulltrúa falið að gera minnisblað í takt við umræður á fundinum.*

**5. 1602244 - Aðalsk. - Vallholt 5 breyting**

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Vallholts nr. 5. Skipulagslýsing var auglýst til kynningar og í kjölfarið haldinn kynningarfundur á skipulagslýsingu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi þann 29. nóvember s.l. frá kl. 15:00 til 17:00. Kynnt var lagfærð skipulagslýsingu og tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi. Á fundinum lágu einnig frammi frumdrög að teikningum að íbúðarhúsi. Lögð fram fundargerð af fundinum ásamt athugasemdum, umsögnum og undirskriftalista vegna kynningar á skipulagslýsingunni.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á aðalskipulagi verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.*

**6. 1511208 - Deilisk. Ægisbrautar - Vallholt 5**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ægisbrautar vegna Vallholts 5. Jafnframt er vísað til gagna sem lögð er fram undir líð nr. 5, með tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna sömu lóðar.

*Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra að skipulagsgögn verði lagfærð í samræmi við umræður á fundinum.*

**7. 1611166 - Stekkjarholt 17 - lóðarleigusamningur endurnýjun**

Ósk Faseignamiðlunar Vesturlands um endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Stekkjarholt 17.

*Skipulags- og umhverfissráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun lóðarleigusamnings.*

**8. 1608017 - Jaðarsbakkar - endurnýjun potta og heit laug á Langasandi**

*Sviðsstjóri fór yfir mál er varðar öryggismyndavélakerfi, læsingar á skápum við sundlaug og loftræstingu í lagnarými.*

*Sviðsstjóra falið að kom ofangreindum verkefnum í framkvæmd.*

**9. 1611113 - Starfsmannamál**

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlagt skipurit fyrir skipulags- og umhverfissvið. Sviðsstjóra heimilað að undirbúa ráðningu rekstrarstjóra áhaldahúss/fasteignir.*

**10. 1610025 - Háteigur 2 - Umsókn um byggingarleyfi**

Sótt er um leyfi til að byggja við húsið auk þess að byggja bílgeymslu á lóð.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.**

Einar Bránnsson  
Rauur Ósundlúttur  
Kantás Jónsdóttir  
Kristín Sigurgeirsd.  
Valdur J. Jónsson  
Sig. P. H.  
Haldris Sigurjónsd  
Stefan Þó Óteindarsson